

Opinn skógur




Opinn skógur er samstarfsverkefni skógræktarfélaganna og Olís og Sjóvá Fjármögnunar. Markmið verkefnisins er að opna skógræktarsvæði þar sem aðstaða og aðgengi verður til fyrirmyndar. Lögð er áhersla á upplýsingar, þannig að gestir fræðist um lífríki, náttúru og sögu viðkomandi svæðis.

Með öflugum stuðningi - Olís og Sjóvá Fjármögnunar - opnast spennandi áningarsvæði fyrir almenning.

GÖNGUM VEL UM GRÓIÐ LAND



Skógræktarfélag Íslands, Skúlatúni 6, 105 Reykjavík
sími 551-8150, skog@skog.is, www.skog.is



Snæfoksstaðir

Skógræktarfélag Árnesinga



Þýður ykkur velkomin í "Opinn skóg" við Kolgrafarhól á Snæfoksstöðum. Skógræktarfélagið keypti Snæfoksstaði árið 1954 og þá var hafist handa við að girða af landið við Kolgrafarhól. Sumarið 1956 var fyrst gróðursett þar. Sumarvinna barna og unglunga frá Selfossi hófst árið 1958 á Snæfoksstöðum og stóð óslitið, með tilstyrk Selfosshrepps, næstu 12 ár. Á þessu árabili var skógurinn við Kolgrafarhól gróðursettur. Af Kolgrafarhóli er ágætt útsýni og þar er örnefnaskífa sem hjálpar fólki að glöggva sig á umhverfinu.

Skógræktarfélag Árnesinga er öflugur félagsskapur áhugafólks um skógrækt og gróðurvernd í Árnessýslu.

Velkomin í skógin

Göngustígar

— 600 m

— 500 m

Borð og bekkur

Bílastæði

Trjásafn

Upplýsingar

Útsýni

Þú ert hér

